

**Náttúrufar og náttúruminjar
umhverfis Vatnajökul – Samantekt**

Snorri Baldursson

Unnið fyrir Umhverfisráðuneytið

NÍ-06009

Reykjavík, október 2006



ISSN 1670-0120

	Hlemmi 3 Sími 590 0500 http://www.ni.is	105 Reykjavík Fax 590 0595 ni@ni.is	Borgum við Norðurslóð Sími 460 0500 http://www.ni.is	602 Akureyri Fax 460 0501 nia@ni.is
Skýrsla nr. NÍ-06009	Dags, Mán, Ár Október 2006	Dreifing Opin	Upplag 40	
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill Náttúrufar og náttúruminjar umhverfis Vatnajökul – Samantekt			Fjöldi síðna 29	
Höfundar Snorri Baldursson		Verknúmer Málsnúmer 2006060004		
Unnið fyrir Umhverfisráðuneytið				
Samvinnuaðilar				
Útdráttur Skýrslan er samantekt úr þremur skýrslum sem Náttúrufraeðistofnun Íslands hefur gefið út um náttúrufar umhverfis Vatnajökul. Tilgangur hennar er að varpa ljósi á náttúruminjar sem æskilegt væri að vernda í fyrirhuguðum Vatnajökulsþjóðgarði.				
Umfjölluninni er skipt upp eftir fjórum fyrirhuguðum rekstrareiningum þjóðgarðsins:				
<i>Svæði I: Norðursvæði:</i> Hálendið norðan jökuls, vestan Jökulsár á Fjöllum (3.979 km^2) <i>Svæði II: Austursvæði:</i> Hálendið norðan jökuls og norðaustan Jökulsár á Fjöllum (2.384 km^2) <i>Svæði III: Suðursvæði:</i> Hálendið sunnan og suðaustan Vatnajökuls (3.879 km^2) og <i>Svæði IV: Vestursvæði:</i> Hálendið vestan og suðvestan Vatnajökuls (3.191 km^2).				
Fjallað er um landslag, jarðfræði, loftslag, vatnafar, lífríki og verndarstöðu náttúruminja innan þessara eininga og mat lagt á verndargildi þeirra.				
Niðurstaða skýrslunnar er sú að verndargildi svæða umhverfis Vatnajökul sé almennt hátt. Það á þó sérstaklega við um landslag og jarðfræðiminjar sem margar eru merkar á heimsvísu.				
Lykilorð Vatnajökull, Vatnajökulsþjóðgarður, náttúruminjar, náttúrufar, verndargildi		Yfirfarið ÁI, PH.		

EFNISYFIRLIT

FORMÁLI	7
1 INNGANGUR	7
2 JARÐFRÆÐI OG LANDSLAG	9
2.1 Svæði I: Norðursvæði	12
2.2 Svæði II: Austursvæði	13
2.3 Svæði III: Suðursvæði	14
2.4 Svæði IV: Vestursvæði	14
3 LOFTSLAG OG VATNAFAR	17
3.1 Svæði I: Norðursvæði	17
3.2 Svæði II: Austursvæði	18
3.3 Svæði III: Suðursvæði	18
3.4 Svæði IV: Vestursvæði	18
4 LÍFRÍKI	20
4.1 Svæði I: Norðursvæði	20
4.2 Svæði II: Austursvæði	20
4.3 Svæði III: Suðursvæði	21
4.4 Svæði IV: Vestursvæði	22
5 NÁTTÚRUVERNDARGILDI	24
5.1 Svæði I: Norðursvæði	24
5.2 Svæði II: Austursvæði	25
5.3 Svæði III: Suðursvæði	25
5.4 Svæði IV: Vestursvæði	27
6 HEIMILDIR	29
 MYNDIR	
1. mynd. Útlínur fyrirhugaðs Vatnajökulsþjóðgarðs og fjögurra rekstrareininga hans	9
2. mynd. Gosbelti Íslands	10
3. mynd. Berggrunnur fyrirhugaðs Vatnajökulsþjóðgarðs	11
4. mynd. Lakagígar til vesturs frá Laka	15
5. mynd. Við Öskjuvatn	17
6. mynd. Úr Krepputungu	19
7. mynd. Austurheiði og Skaftafellsjökull, Skaftafelli	21
8. mynd. Fjalllendið austan Hoffellsjökuls	23
9. mynd. Gróinn jökulruðningur við Skálafellsjökul	26
 TÖFLUR	
1. tafla. Mat á verndargildi náttúrufars á Svæði I: Norðursvæði	24
2. tafla. Mat á verndargildi náttúrufars á Svæði II: Austursvæði	25
3. tafla. Mat á verndargildi náttúrufars á Svæði III: Suðursvæði	27
4. tafla. Mat á verndargildi náttúrufars á Svæði IV: Vestursvæði	28

FORMÁLI

Þessi samantekt er unnin að beiðni umhverfisráðuneytisins. Hún byggir að mestu á þremur skýrslum sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur áður unnið fyrir ráðuneytið um náttúrufar og náttúruminjar umhverfis Vatnajökuls. Eftirfarandi starfsmenn og sérfræðingar stofnunarinnar unnu þessar skýrslur: Helgi Torfason og Sveinn P. Jakobsson (jarðfræði), Guðmundur Guðjónsson og Sigurður H. Magnússon (gróðurfar og vistgerðir), Hörður Kristinsson (háplöntur og fléttur), Guðriður Gyða Eyjólfssdóttir (sveppir), Bergþór Jóhannesson (mosar), Erling Ólafsson (skordýr og önnur smádýr) og Kristinn H. Skarphéðinsson (fuglar).

1 INNGANGUR

Vatnajökull og umhverfi hans á sér óvíða sinn líka að því er varðar náttúrufar. Þar er að finna stærstu víðerni landsins þar sem ógnaröfl jarðelda, jökulíss, vatns og vindu skapa stórbrotið landslag. Vatnajökull keppir við jökulinn Austfonna á Svalbarða um titilinn stærsti jökull Evrópu. Austfonna er nokkru stærri að flatarmáli en Vatnajökull en hinn síðarnefndi er þykki og því stærri að rúmmáli. Vatnajökull hefur farið hratt minnkandi með hlýnandi loftslagi undansfarinn ártug og gangi spár um hlýnun loftslags á norðurhveli jarðar eftir, verður jökulinn horfinn innan 200 ára nema af hæstu tindum.

Syðri hluti Vatnajökuls hefur notið friðunar sem hluti af þjóðgarðinum í Skaftafelli frá árinu 2004. Áform eru uppi um að friða allan jökulinn, ásamt Jökulsá á Fjöllum og e.t.v. fleiri ám, auk stórra samhangandi landsvæða við jaðar jöklusins (1. mynd). Tilgangur þessarar samantektar er að gefa heildaryfirlit yfir náttúrufar og verndargildi þeirra svæða sem ættu, vegna náttúrufars eða vegna þess að þau eru hluti land- eða jarðfræðilegra heilda, að vera innan þjóðgarðsins. Jafnframt er tilgangurinn sá að draga fram það sem er sérstætt í landslagi, jarðfræði, vatnafari og lífríki og gera grein fyrir verndarstöðu helstu náttúruminja.

Útlínur hins fyrirhugaða Vatnajökulsþjóðgarðs, eins og þær liggja fyrir í október 2006, eru sýndar á 1. mynd. Búast má við að útlínur hans breytist þegar niðurstaða fæst í þjóðlendumálum sem tengjast fyrirhuguðum þjóðgarði. Heildarstærð hans er 13.433 km^2 og land utan jöklia 5.228 km^2 . Fyrirhugaður þjóðgarður skiptist í fjórar rekstrareiningar og verður til hagrædis í þessari samantekt fjallað um náttúrufar samkvæmt þeirri skiptingu. Rekstrareiningarnar eru:


Svæði I: Norðursvæði: Hálendið norðan jöklus, vestan Jökulsár á Fjöllum (3.979 km^2)
Svæði II: Austursvæði: Hálendið norðan jöklus og norðaustan Jökulsár á Fjöllum (2.384 km^2)
Svæði III: Suðursvæði: Hálendið sunnan og suðaustan Vatnajökuls (3.879 km^2) og
Svæði IV: Vestursvæði: Hálendið vestan og suðvestan Vatnajökuls (3.191 km^2).

Samantektin byggir á þremur skýrslum Náttúrufræðistofnunar Íslands um náttúrufar og náttúruminjar á jökkullausu landi á áhrifasvæði Vatnajökuls. Hér á eftir er gerð örstutt grein fyrir þessum skýrslum:

- Fyrsta skýrslan: *Náttúrufar og verndargildi náttúrufyrbæra norðan Vatnajökuls* (Snorri Baldursson, Helgi Torfason og Hörður Kristinsson 2003, NÍ-03002, 67 bls.) fjallar um hálendið norðan og norðaustan Vatnajökuls, frá Vonarskarði í vestri til Lónsöræfa í austri, allt norður fyrir Ódáðahraun. Umfjöllun um einstök svæði fylgir skiptingu í deilisvæði samkvæmt deiliskipulagi hálendisins. Skýrslan lýsir jafnframt náttúrufari Mývatnssveitar, Jökulsárgljúfra og Öxarfjarðar. Hálendið norðan jöklus er alls um 9.800 að km^2 stærð.

- Önnur skýrslan *Náttúrufar og náttúruminjar sunnan Vatnajökuls* (Jón Gunnar Ottósson og Snorri Baldursson (ritstj.) 2005, NÍ-05005, 40 bls. auk korta) fjallar um landið frá jökullínu til strandar suðaustan og sunnan Vatnajökuls, allt frá Hvalnesi í Lóni í austri að Lómagnúpi og ósum Núpsvatna í vestri. Stærð svæðisins er liðlega 3000 km².
- Þriðja skýrslan *Náttúrufar og náttúruminjar suðvestan Vatnajökuls* (Snorri Baldursson, Sveinn P. Jakobsson, Sigurður H. Magnússon og Guðmundur Guðjónsson 2006, NÍ-06008, 38 bls.) fjallar um hálendið frá Núpsvötnum í austri að Krókslóni og Pórísvatni í norðvestri. Fjallað er um svæðið í tvennu lagi: Vesturhluta (afréttir Skaftártungu og Síðumanna ásamt efri hluta Landmannafréttar og austasta hluta Holtamannafréttar) og austurhluta (afréttur Fljótshverfinga ásamt Kaldbak á Síðuafrétti). Svæðið er alls um 2090 km að stærð.


Þessar þrjár skýrslur spanna allt umhverfi Vatnajökuls nema norðvesturhlutann, þ.e. Tungnáröræfi milli Tungnár og Koldukvíslar og syðsta hluta Vonarskarðs. Í eftirfarandi samantekt verður því fjallað sérstaklega um þennan hluta eftir því sem efni standa til. Þar sem um samantekt er að ræða er almennt ekki getið heimilda í texta nema um sé að ræða upplýsingar sem ekki hafa komið fram í ofannefndum skýrslum.



1. mynd. Útlínur fyrirhugaðs Vatnajökulspjóðgarðs og fjögurra rekstrareininga hans eins og þær liggja fyrir í október 2006. Náttúrufrædistofnun Íslands, 2006.

2 JARÐFRÆÐI OG LANDSLAG

Hluti Austur- og Norðurgosbeltis landsins, auk Öræfajökulsgosbeltisins, liggur innan fyrirhugaðs þjóðgarðs (2. mynd).




2. mynd. Gosbelti Íslands. Náttúrufræðistofnun Íslands, 2006.

Innan fyrirhugaðs þjóðgarðs er að finna nær allar gerðir íslenskra eldfjalla. Af megineldstöðvum sem liggja utan Vatnajökuls en innan þjóðgarðsins má nefna Tungnafellsjökul, Snæfell og Dyngjufjöll. Undir Vatnajökli leynast nokkur virkustu eldstöðvakerfi landsins. Flest þeirra hafa gosið á sögulegum tíma með gjósukufalli og jökulhlæpum. Sjö megineldstöðvar hafa verið nafngreindar í jöklínnum, þ.e. Bárðarbunga, Grímsvötn, Þórðarhyrna, Kverkfjöll, Breiðabunga, Esjufjöll og Öræfajökull. Við eldgos undir Vatnajökli hafa flest jökulhlæp fallið í Skeiðará og Súlu, en þau geta einnig komið fram í Núpsvötnum, Djúpá, Hverfisfljóti, Skaftá, Þjórsá, Skjálflandafljóti og Jökulsá á Fjöllum (Helgi Björnsson og Páll Einarsson 1990).

Móbergsmýndanir og langar gígaraðir eru mjög áberandi í berggrunni Vatnajökulsþjóðgarðs (3. mynd). Þær eru fjölbreyttar að uppbyggingu og útliti og þar má finna allar gerðir móbergsmýndana, þ.e. móbergshryggi, móbergsfjöll og -stapa. Einnig er mikið um bólstrao og kubbaberg í berggrunninum við jaðar jöklusins. Þessar bergerðir verða til við gos undir tiltölulega þykkum ísaldarjökli. Móbergshryggir og stapar hafa orðið til á jökluskeiðum ísaldar en grágrytishraun hafa runnið á hlýskeiðum.

Á hálandinu umhverfis Vatnajökul er mikið af lausum jarðlögum og jarðmyndunum, svo sem jökulruðningi, grettistökum, jökulvatnaseti, jökgulgörðum, malarásum og jöulkömbum, sem ísaldarjökullinn skildi eftir sig þegar hann hörfaði í lok síðasta jökluskeiðs. Auk þess eru ummerki eftir framskrið og hörfun skriðjökla Vatnajökuls á nútíma. Stór svæði við Vatnajökul eru þakin þykkum jökulaurum og foksandsbreiðum og víða má sjá ummerki eftir jökulhlæpum.



3. mynd. Berggrunnur fyrirhugaðs Vatnajökulsþjóðgarðs. Svört lína sýnir útlínur þjóðgarðsins eins og þær liggja fyrir í október 2006. Náttúrufræðistofnun Íslands, 2006.

2.1 Svæði I: Norðursvæði

Hálendið norðan Vatnajökuls, vestan Jökulsár á Fjöllum, er hásléttá í 600–900 m hæð yfir sjávarmáli þar sem er að finna umfangsmikil ósnortin víðerni. Næst upptökum Jökulsár á Fjöllum eru sandar og leirur en syðsti hluti svæðisins inn við jökul er nánast ein úfin hraunbreiða. Upp úr landslaginu næst jöklí standa fornar eldstöðvar svo sem Urðarháls, Vaðalda og Hrímalda, dyngjur sem gosið hafa á hlýskeiðum ísaldar. Trölladyngja myndaðist hinsvegar á nútíma fyrir um 7000 árum. Norðar rísa Dyngjufjöll (1500 m) og Herðubreið (1682 m). Þar norður og vestur af tekur við hraunflæmi Ódáðahrauns með stökum móbergsfjöllum og dyngjum. Landið meðfram Jökulsá á Fjöllum er mótað af hamfarahlaupum eftir ísöld. Merki þeirra sjást víða mjög greinilega þar sem mótar fyrir hlaupfarvegum og stór björg sitja eftir á blásnum söndum.

Tvær miklar gosreinar liggja til norðausturs frá Vatnajökli (3. mynd): Dyngjuháls og rein tengd Öskju. Þær eru báðar mjög eldbrunnar. Dyngjuháls er samsettur úr mörgum gígaröðum. Á Urðarhálsi er mikið jarðfall, gígur frá síðasta hlýskeiði ísaldar. Miklir gígar eru einnig sunnan og norðan Trölladyngju og hafa þaðan runnið hraun til vesturs. Dyngjufjöll, sem eru hluti af Öskjureininni, eru virk megineldstöð. Reinin liggur áfram um Hrúthálsa með gígaröðum, misgengjum og opnum gjám.

Volgrur eru við Gæsavötn og háhitavæði við suðausturenda Öskjuvatns. Í Víti er jarðhiti og sjást þar stundum leirhverir þegar vatnsstaða er lág. Í Hrúthálsum eru ummerki eftir jarðhita. Að öðru leyti er lítt jarðhiti á yfirborði á sunnanverðu hálendinu vestan Jökulsár á Fjöllum. Við Ketildyngju í norðanverðu Ódáðahrauni er háhitavæðið Fremrinámar þar sem áður var numinn brennisteinn.

Meðal merkra jarðminja eru eftirfarandi:

- Trölladyngja, sem gaus fyrir um 7000 árum, er ein af stærstu hraundyngjum landsins. Hún er mjög formfögur og frá henni hefur runnið víðáttumikið hraun norður í Bárðardal. Utan Íslands og Hawaii eru dyngjur sjaldgæfar.
- Jarðfallið í Urðarhálsi á sér ekki sinn líka á landinu, eini gígurinn frá hlýskeiði ísaldar sem er lítt rofinn.
- Askja í Dyngjufjöllum er sigketill sem að verulegu leyti hefur myndast á nútíma. Öskjuvatn í suðausturhluta öskjunnar er myndað við mikið öskugos 1875. Í sama gosi myndaðist sprengigígurinn Víti. Askja er hluti af stórrri megineldstöð sem hefur gosið mörgum gosum eftir að ísöld lauk. Askja er eitt virkasta eldfjall landsins og merk á heimsvísu. Söguleg gos eru þekkt frá árunum 1875, 1921–1929 (goshrina) og 1961.
- Herðubreið er sérlega reglulegur móbergsstapi og oft nefnd drottning fjalla. Herðubreið var kosin þjóðarfjall Íslendinga á Ári fjalla 2002.
- Ódáðahraun samanstendur af víðáttumiklum ósnortnum hraunbreiðum frá nútíma.
- Meðfram Jökulsá á Fjöllum eru ummerki mikilla hamfarahlaupa. Vestan árinnar, sunnan Dyngjufjalla, er stórt svæði þakið jökulvatnaseti sem greinilega er myndað í hamfarahlaupum. Frásagnir eru til af jökulhlaupum á tímabilinu 1655–1730 sem benda til elds-umbrota í Vatnajökli á þessum tíma. Jökulsá á Fjöllum gróf hin eiginlegu Jökulsárgljúfur í tveimur eða fleiri slíkum hamfarahlaupum fyrir 4000 til 2500 árum. Jökulsárgljúfur eru um 30 km löng; stórbrotin náttúrusmíð með þverhníptum hömrum, farvegum, byrgjum, gígtöppum og hraunmyndunum sem hamfarahlaupin hafa sorfið í ung hraun frá nútíma sem runnu í farveg Jökulsár á Fjöllum.

2.2 Svæði II: Austursvæði

Vestari hluti svæðisins milli Jökulsár á Fjöllum og Jökulsár á Brú tilheyrir Norðurgosbeltinu, en eystri hlutinn, landið milli Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal, hvílir á eldri berggrunni frá fyrri hluta ísaldar og síðertíðar (sbr. 3. mynd).

Landslag frá Möðrudal og suður í Krepputungu er afar sérstakt. Þar mynda móbergshryggir frá ísöld skörðottan fjallgarð í austri en lágir og rofnir móbergshryggir, jökulsandar og jökulurðir frá ísaldarlokum mynda ávalar bungur og lægðir beggja vegna Jökulsár á Fjöllum.

Norður af Vatnajökli gengur Kverkfjallarani, sem er samsafn móbergshryggja og hnúka. Hann er afar eldbrunninn og hafa mörg hraun runnið um hann og út á sléttlendið í kring. Milli Jökulsár á Fjöllum og Kreppu er Krepputunga, þakin hraunum og jökuláraurum sem blása upp í þurrviðri. Um vesturhluta fjallanna liggur gossprungu sem hefur gosið á nútíma. Landslag er stórbrotið og hrikalegt. Svæðið var lengi vel eitt af fáfornustu svæðum Íslands enda umlukið torfærum jökulám.

Öflugt háhitasvæði er í og við jökuljaðarinn í Hveradölum í Kverkfjöllum með gufuverum og laugum. Í Hveragili austan í fjöllunum eru margar laugar. Laugar eru einnig í Laugarvalladal, við Vesturdalslæk, við Sauðá, við Töðuhrauka í Kringilsárrana, í Lindum og víðar en hitastig er yfirleitt lágt. Sum þessara svæða eru nú á botni Háslóns.

Milli Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal er fjölbreytt landslag sem einkennist af grunnum döllum, blásnum melum, heiðalöndum, árgljúfrum, sethjöllum og votlendissvæðum. Austan til gnæfir Snæfell (1833 m) 1100 m upp yfir hásléttuna. Móbergsmyndanir eru áberandi og þekktastir eru Kárahnjúkar sem gusu fremur seitn á ísöld.

Austan Jökulsár í Fljótsdal tekur Múlinn við og þá Hraun sem eru stórgrytt, jökulnúin hásléttu með mörgum smávötnum, tjörnum og dragám, enda mikið úrkamusvæði.

Meðal merkra jarðminja eru eftirfarandi:

- Kverkfjöll (hæsti tindur 1929 m) er virk megineldstöð að mestu hulin jökli. Í Kverkfjöllum er öflugt háhitasvæði með miklum yfirborðsummerkjum, hverum og laugum. Ekkert jarðhitasvæði liggur hærra á landinu. Kverkfjöll ásamt Kverkfjallarana mynda mikilfenglega landslagsheild sem mótað hefur í átokum elds og íss.
- Sethjallar við Jökulsá á Dal mynduðust við það að setlög, sem áður höfðu fyllt stöðuvatn (jökullón) ofan Kárahnjúka, grófust fram í áföngum jafnhliða myndun Hafrahvamma-gljúfra. Þeir mynda þannig jarðsögulega heild með gljúfrunum og eru hluti af myndunar-sögu þeirra. Þessir hjallar eru nú á botni Háslóns.
- Jaðar Brúarjöklus er merkilegur vegna ummerkja um framhlaup jökulsins. Jökulgarðurinn Töðuhraukar í Kringilsárrana myndaðist við framhlaup Brúarjöklus árið 1890. Hann er sérstakur fyrir þær sakir að í honum er, auk jökulurðar, þykkur jarðvegur sem vöðlaðist upp í garðinn þegar jökullinn gekk út yfir gróið land. Slíkir hraukar finnast óvíða annars staðar á jörðinni.
- Megineldstöðin Snæfell var virk í lok síðasta kuldaskeiðs ísaldar. Snæfell er hæsta fjall utan jöklar á Íslandi.

2.3 Svæði III: Suðursvæði

Á Suðausturlandi er mjög áberandi hvernig jöklar hafa rofið djúpa dali í berggrunninn og hvergi á landinu má sjá dýpra inn í jarðskorpuna en einmitt þar. Jökulgarðar eru einnig áberandi og sýna bæði lengstan framgang og hopunarsögu Vatnajökuls. Í sumum þeirra má finna skeljar sem vitna um hærri sjávarstöðu fyrr á tímum. Sandar og aurar sem jökulár flæmast um einkenna svæðið. Víðáttumestu sanda- og aurasvæðin eru á Skeiðarársandi sem er nálægt 1000 km² að flatarmáli eða um 1% af flatarmáli Íslands. Einnig eru ógrónir jökulaurar og sandar víða við jaðra skriðjökla sem hafa verið að hörfa, þ. á. m. við jaðar Breiðamerkurjökuls.

Öræfajökull er virk megineldstöð sem hefur gosið tvísvar á sögulegum tíma. Fyrir utan Öræfajökul er berggrunnur næst jöklí úr basalthraunlögum frá ísöld en sunnar og austar eru jarðlög frá síðertíð. Elstu jarðlögin eru í fjöllunum við Eystrahorn og Vestrahorn, basalthraunlög og líparít sem myndast hefur fyrir 8–10 milljónum ára. Útkulnaðar megineldstöðvar setja mikinn svip á landslag og jarðfræði Suðausturlands og þar finnast fjölbreyttar jarðmyndanir svo sem súrt berg, innskot og berghleifar. Í Svínafellsfjalli eru merk steingervingalög með plöntuleifum.

Jarðhiti er óvíða á yfirborði á Suðausturlandi. Laugar er þó að finna á a.m.k. þremur stöðum, þ.e. í Vandræðatungum á Viðborðsdal, í Vatnsdal í Heinabergsfjöllum og í Jökulfelli í Morsárdal.

Meðal merkra jarðminja eru eftirfarandi:

- Lónsöræfi sem eru með merkstu jarðfræðisvæðum landsins vegna fjölbreyttra bergmyndana, innskota, útkulnaðra jarðhitavæða, mislægra berglaga ofan á eldra bergi, ungra jökulmyndana og mikils rofs. Þrjár fornar megineldstöðvar liggja til suðausturs frá Snæfelli. Sú fyrsta er kennd við Lón, önnur er í Flugustaðadal og sú þriðja í Álfafirði.
- Fjöldi stórra innskota einkennir jarðfræði Suðausturlands. Innskotin skera sig frá lagskiptum berggrunninum á þann hátt að stórir hleifar úr annars konar bergi sjást á stóru svæði, eins og t.d. granófyrhleifurinn í Endalausadal og Slaufrudal.
- Öræfajökull, hæsta fjall landsins (2110 m), er virk megineldstöð sem hefur gosið nokkrum sinnum á nútíma, síðast árið 1727 og þar áður 1382. Gosið 1382 er með stærri gosum á Íslandi á sögulegum tíma; gríðarlegt gjóskufall frá því eyddi byggð í Öræfasveit.
- Neðarlega í Svínafellsfjalli í Öræfum er 120 m þykkt finkorna set sem hefur myndast í stöðuvatni. Í setinu hafa fundist blaðför af elri, víði, birki, reyni, bláberja- og krækilyngi, ásamt grös og burknum. Talið er að Svínafellslögin séu frá þriðja síðasta hlýskeiði ísaldar og líklega um 0,5 milljón ára gömul.

2.4 Svæði IV: Vestursvæði

Í austurjaðri Austurgosbeltisins, þ.e. á afrétti Fljótshverfinga, er að finna sérkennileg, víðáttumikil móbergslög frá jökluskeiðum ísaldar. Jarðlögin verða eldri eftir því sem fjær dregur gosbeltinu og elstu lögin eru í Lómagnúpi.

Gosbeltið suðvestan Vatnajökuls milli Skaftár og Köldukvíslar, þ.e. afréttur Skaftártungu og Tungnáröræfi, einkennist af löngum gossprungum og móbergshryggjum sem stefna frá suðvestri til norðausturs. Milli þeirra eru dalir og sléttur og er landið þakið hraunum og

vikursöndum með stöðuvötnum og fallvötnum. Hryggirnir rísa 100–400 m yfir landið í kring sem liggur í 600–650 m hæð yfir sjó. Meginhluti berggrunnsins er gosberg frá síðasta hluta kvarter; annars vegar er móberg og hins vegar hraun frá hlýskeiðum ísaldar og nútíma. Tröllahraun sem rann frá Tröllagígum 1862–1864 (Sigurður Þórarinsson og Guðmundur E. Sigvaldason 1972) er yngsta gosmyndunin á svæðinu. Á þessu svæði hafa nokkur mjög mikilvæg eldgos í sögulegum skilningi orðið og þar er að finna jarðmyndanir sem eru merkar á lands- og heimsvísu.

Vonarskarð liggur í 900–940 m y. s. milli Vatnajökuls og Tungnafellsjökuls. Þar sem skarðið er þrengst eru 12–13 km milli jöklar en miklu skemmta milli hlíða í botni skarðsins eða 2–3 km. Sunnarlega í skarðinu, austur af Deili, liggja vatnaskil milli Norður- og Suðurlands. Skjálfandafljót rennur norður úr skarðinu en Kaldakvísl suður af því (Þorsteinn Jósepsson og Steindór Steindórsson 1984). Sunnan Vonarskarðs, vestan Köldukvíslarjökuls, eru Köldukvíslarbotnar. Á þessu svæði eru a.m.k. tvær megineldstöðvar og öskjur tengdar þeim; önnur sem kennd er við Vonarskarð, sem hefur verið lítillega virk á nútíma, og hin kennd við Hágöngur en þar er ekki vitað um eldvirkni á nútíma (Haukur Jóhannesson og Guðmundur Ómar Friðleifsson 2006).

Háhitasvæði tengjast báðum ofangreindum eldstöðvum. Í Vonarskarði, vestan Deilis, er all-víðáttumikið háhitasvæði, um 11 km² að flatarmáli (Sveinbjörn Björnsson 2006, Haukur Jóhannesson og Guðmundur Ómar Friðleifsson 2006). Austan virka háhitasvæðisins í Vonarskarði hefur nýlega uppgötvest merkileg jarðhitaummyndun (Haukur Jóhannesson og Guðmundur Ómar Friðleifsson 2006). Annað háhitasvæði, svipað að stærð, er í Köldukvíslarbotnum rétt sunnan við Vonarskarð (Guðmundur Ómar Friðleifsson og Skúli Víkingsson 1997). Það liggur nú að mestu undir Hágöngulóni.



4. mynd. Lakagigar, horft til vesturs frá Laka. Ljósmynd: Snorri Baldursson 2002.

Meðal merkra jarðminja eru eftirfarandi:

- Lakagígar (Eldborgaraðir) eru 27 km löng gossprungu sem myndaðist í Skaftárelendum 1783–1784 sem teljast mestu náttúruhamfarir á Íslandi á sögulegum tíma. Flatarmál Skaftárel dahrauns er um 565 km^2 , en rúmmál hraunsins er um 11 km^3 . Skaftárel dahraun er talið vera stærsta hraun sem runnið hefur á sögulegum tíma á jörðinni og er eitt mikilfenglegasta apalhraun landsins. Lakagígaröðin er merk á heimsvísu.
- Eldgjárgossprungan austan til í Austurgosbeltinu (aldursákvörðun gefur AD 938 ± 4) er sennilega allt að 50 km löng. Þetta er með stærstu gosum á nútíma og hefur haft mikla eyðileggingu í för með sér; um 4 km^3 af basaltgjóska mynduðust og líklega er hraunið sem rann ofan í Meðalland og Landbrot a.m.k. 5 km^3 . Þekktasti hluti gossprungunnar er sjálf „Eldgjáin“ suðvestan við Gjátind. Hún hefur verið talin meðal merkstu náttúrfyrribæra landsins en aðrir hlutar gígsprungunnar eru einnig mjög áhugaverðir í jarðfræðilegu tilliti, t.d. Rauðibotn við Hólmsá.
- Langir móbergshryggir úr basalti, afleiðing sprungugosa undir jökli á ísöld (síðkvarter). Ríkjandi berggerð í hryggjunum er túff og túffbretksía en nokkrir þeirra eru úr bólstrabergi. Um er að ræða marga tugi hryggja af mismunandi aldi og er stefna þeirra allra nær sú sama ($N 40\text{--}42 A^\circ$). Reglulegustu og lengstu hryggirnir eru á milli Tungnár og Laka-gíga. Þeir helstu eru: Kattarhryggir efri, Grænifjallgarður, Skuggafjallahryggur og Fögrufjöll. Sumir þessara hryggja hverfa undir Vatnajökul. Þetta eru stórfenglegustu móbergshryggir landsins og hryggi af þessu tagi er ekki að finna annars staðar á jörðinni.
- Veiðivatnagígar eru á 40 km langri gossprungu sem gaus árið 1477. Gossprungan er sums staðar tvöföld og nær a.m.k. frá gíg Laugahrauns í Friðlandi að Fjallabaki að norðurenda Ljósufjalla. Rúmmál gosefna er talið vera um $1,5 \text{ km}^3$. Gígar eru af ýmsu tagi og sumir einstaklega fagrir og heillegir; nefna má Námshraunsgíginn, Strút, Ljótapoll og gígana sem mynda syðstu Veiðivötnin. Hraunmyndanir eru víða einstakar, svo sem Laugahraun, Suðurnámshraun, Frostastaðhraun og hraunin við syðstu Veiðivötnin. Þetta gígasvæði er hugsanlega merkilegt á heimsvísu.
- Vatnaöldugígar eru á 42 km langri gossprungu sem nær frá gígum Hrafntinnuhrauns í Friðlandi að Fjallabaki til norðausturs á móts við norðurenda Litlasjávar. Gígar af ýmsum gerðum og stærðum mynduðust í gosinu. Skyggnir er þeirra þekktastur. Hann er mjög heillegur og er einn stærsti gígur landsins af hverfjallagerð. Hið svonefnda Landnámslag myndaðist í þessu gosi (aldursákvörðun gefur AD 871 ± 2).
- Tungnárhraunagígar eru gossprungusvæði sem markast af Króksloni og Þórisvatni að vestan og Vatnaöldum að austan. Gígarnir eru flestir af klepragígagerð og mynda raðir sem eru allt að 20 km á lengd. Þetta er upptakasvæði Tungnárhrauna sem nú eru talin vera 10 talsins og 2000–9000 ára gömul. Rúmtak elsta hraunsins, Þjórsárhrauns, sem rann í sjó fram þar sem nú er Stokkseyri og Eyrarbakki, er talið vera um 25 km^3 og það er því stærsta hraun sem kunnugt er um frá nútíma. Norðaustan til á gígasvæðinu er Heljargjá, mikilfenglegur sigdalur sem sker Gjáfjöll. Saxi, Fontur og Máni eru lítt raskaðir sprengigígar af hverfjallagerð.
- Norðan Jökulheima eru sérkennilegar bólstrabergsbreiður. Hér er um að ræða sökkulbólstraberg sem myndast hefur við eldgos undir jökli og hefur í sumum tilvikum náð mikilli útbreiðslu. Jarðmyndunum þessum hefur ekki enn verið lýst ítarlega en líklegt er að hér sé um að ræða myndanir sem eru ekki aðeins einstakar hér á landi heldur einnig á jörðinni.
- Í Vonarskarði finnst sérstök jarðhitaummyndun (steindin epidót) á yfirborði, sem hefur verið skýrð með þeim hætti að um 300°C hiti hafi ríkt um tíma í vatni á yfirborði undir þykkum jöklum (Haukur Jóhannesson og Guðmundur Ómar Friðleifsson 2006).

3 LOFTSLAG OG VATNAFAR



5. mynd. Við Öskjuvatn. Ljósmynd: Snorri Baldursson 2003.

3.1 Svæði I: Norðursvæði

Loftslag norður af Vatnajökli er með talsverðu meginlandssniði. Þar er mestur munur á hitastigi sumars og vetrar á öllu landinu, 14–16 °C, og þar eru þurrustu svæði landsins með ársúrkому undir 400 mm. Jarðlög eru yfirleitt mjög lek og lítið afrennsli á yfirborði, ef frá eru skildar jökulárnar, en grunnvatn og lindarvatn er víða mikið. Helstu lindasvæði eru við Svartá undir Vaðöldu, við upptök Lindaár í Herðubreiðarlindum og Grafarlandaá í Ódáðahrauni.

Jöklusá á Fjöllum á upptök sín í Dýngujökli og Brúarjökli (Kreppa og Kverká) og fellur til sjávar í Öxarfirði. Vatn árinnar er að mestu jökulvatn en nokkrar bergvatnsá renna í hana, svo sem Lindaá í Hvannalindum, Lindaá í Herðubreiðarlindum, Grafarlandaá og Skarðsá auk smærri áa og lækja í Jöklusárgljúfrum. Jöklusá á Fjöllum er næst lengsta á landsins (206 km) og sú sem hefur stærst vatnasvið.

Gæsavötn og Öskjuvatn eru helstu stöðuvötn á svæðinu. Gæsavötn eru lindavötn í um 920 m hæð yfir sjó. Öskjuvatn er dýpst vatn landsins (220 m) og það langstærsta (10.7 km^2) í yfir 1000 m hæð yfir sjó.

3.2 Svæði II: Austursvæði

Næst Jökulsá á Fjöllum, austan megin, er þurrt. Ársúrkoma eykst þó gríðarlega eftir því sem austar og sunnar dregur og nær yfir 3000 mm á Hraunum og hluta Lónsöræfa.

Næst Jökulsá er bergið lekt og lítið vatnsrennslí á yfirborði en eftir því sem austar dregur og berggrunnurinn þéttist eykst afrennslíð og farvegamyndun. Veruleg lindasvæði eru í Arnardal og nokkur við Þríhyrningsvatn. Sunnan við Arnardalsöldu eru Þorlákslindir, vatnsmiklar lindir með um 9°C heitu vatni.

Helstu stöðuvötn á svæðinu eru Folavatn á Snæfellsöræfum, Kelduárvatn, Innstavatn, Miðvatn og Fremstavatn á Hraunum.

Tvær jökulár eiga upptök sín á svæðinu: Jökulsá á Brú (Jökulsá á Dal) sem kemur úr Brúarjökli og Jökulsá í Fljótsdal sem kemur úr Eyjabakkajökli. Nokkrar dragár eru á vestanverðu svæðinu og eru þær helstu: Kringilsá, Hölkna og Sauðá á Vesturöræfum, Grjótá og Laugará.

3.3 Svæði III: Suðursvæði

Á Suðausturlandi er hlýrra og meiri úrkoma að meðaltali en víðast hvar í öðrum landshlutum. Ársmeðalhiti á tímabilinu 1961–1990 var ívið hærri á Hornafirði og Fagurhólmseyri en í Reykjavík en ársúrkoma um tvöfalt meiri. Breytileiki innan svæðisins er þó talsvert mikill. Mesta ársúrkoma í byggð mælist á Kvískerjum í Öræfum um 3300 mm á ári.

Margar jökulár koma undan Vatnajökli og verða þær ekki allar nefndar hér. Jökulvötnin sem skapað hafa Skeiðarársand, stærsta sandflæmi landsins, voru lengst af aðeins tvö, Núpsvötn (áður Lómagnúpsá) á vestanverðum sandinum og Skeiðará (Jökulsá á Sandi) á sandinum austanverðum. Um miðja 20. öld sameinuðust fjórar minni jökkukvíslar austan Núpsvatna í farveg Gígjukvíslar. Meðalsumarrennslí Skeiðarár er um 200 m³/sek en í Grímsvatnagosum og hlaupum samfara þeim skiptir meðalrennslíð þúsundum rúmmetra á sekúndu. Í Grímsvatnahlaupi í nóvember 1996 var hámarksrennslí 52.000 m³/sek sem er mesta vatnsmagn sem mælst hefur í ánni (Hjörleifur Guttormsson og Oddur Sigurðsson 1997). Skaftafellsá kemur undan Skaftafellsjökli. Margar smærri jökulár koma undan Öræfajökli og skriðjöklum hans, þar á meðal: Svínafellsá, Virkisá, Kvíá og Fjallsá. Jökulsá á Breiðamerkursandi var einn allra erfiðasti farartálfmi sunnan jöklar áður en hún var brúuð árið 1967, einkum að sumarlagi. Enn austar, á Mýrum eru helstu ár Kolgríma, Hólmsá, Djúpá og Hornafjarðarfjót og allra austast er Jökulsá í Lóni.

Engin stór stöðuvötn eru á Suðausturlandi en nokkur jökullón svo sem Fjallsárlón við Fjallsárljókull, Breiðalón og Jökulsárlón við Breiðamerkurjökull og Svínafellsvatn við Svínafellsjökull.

3.4 Svæði IV: Vestursvæði

Mjög úrkomasamt er á hálendinu suðvestan Vatnajökuls. Á veðurathugunarstöðinni á Kirkjubæjklaustri var meðalársúrkoma 1641 mm árin 1961–2000. Þegar kemur inn á fjöll eykst úrkoman og er hún þar á bilinu 2000–3000 mm á ári. Jarðgrunnur er afar lekur og lítið um grunnvatn á yfirborði. Grunnvatn af svæðinu safnast til Lónakvíslar sem fellur í Tungná eða rennur beint í Skaftá. Sunnar og vestar koma fram lindir m.a. í Faxasundum norðvestan

við Grænafjallgarð, á aurum Skaftár neðan Skaftárfells og undan Eldhrauni á svæðinu frá Tröllhamri og niður fyrir Kamba.

Langisjór er eitt stærsta náttúrlega stöðuvatn landsins. Hann er nú blátær en fram til ársins 1965 rann hluti vesturkvísla Skaftár inn í norðausturenda Langasjóar og litaði vatnið. Veiðivötn eru vatnaklasi norðan Tungnár á Landmannaafrétti í Rangárvallasýslu. Vötnin liggja í 500–600 m hæð yfir sjávarmáli í aflangri dæld, sem er breiðust um 5 km og um 20 km löng, frá Snjóölduvatni í suðvestri að Hraunvötnum í norðaustri. Vötn og tjarnir í vatnaklasanum eru um 50 talsins. Litlisjór er langstærstur um 9,2 km² en Grænavatn, Ónytavatn og Snjóölduvatn koma næst. Austast á svæðinu á afrétti Fljótshverfinga er Grænalón, eitt stærsta jökullón landsins.

Tungná, Lónakvísl, Skaftá, Hverfisfljót, Djúpá og Núpsvötn eru helstu ár. Tungná, sem kemur undan Tungnárjökli, er ein vatnsmesta jökulá landsins. Upptök Lónakvíslar eru í lindum sem spretta fram úr sandöldum undir Tungnárfjöllum. Skaftá er blönduð lindá og jökulá. Hún á frumupptök í Tungnárjökli (nyrðri og vestari kvíslin) og Skaftárjökli (syðri og austari kvíslin) en lindavatn bætist jafnt og þétt í farveginn neðar (sjá hér að ofan). Hverfisfljót kemur undan Síðujökli í mörgum kvíslum.

Skaftá og Hverfisfljót eru áhrifamikil öfl í landmótun suðvestan Vatnajökuls. Skaftá hefur hlaupið með eins til þriggja ára millibili a.m.k. frá árinu 1955. Hlaupin eiga rætur í jarðhitasvæði í Skaftárkötum undir Vatnajökli norðvestur af Grímsvötnum. Stærstu hlaupin nálgast 400 milljón m³. Vatn árinnar margfaldast í hlaupum, flæðir upp úr farvegi sínum og aurinn leggst yfir nærliggjandi svæði og veldur áfoki í þurrviðri.



6. mynd. Úr Krepputungu. Ljósmynd: Snorri Baldursson 2002.

4 LÍFRÍKI

4.1 Svæði I: Norðursvæði

Hálendinu vestan Jökulsár á Fjöllum má almennt lýsa sem lítt eða ógrónu víðerni. Samfelldan gróður er aðeins að finna í dældum þar sem raka er að finna, meðfram ám og á lindasvæðum. Umhverfi Trölladyngju er oft kallað mesta eyðimörk Íslands og þá jafnframt Evrópu. Háplöntugróður er afar takmarkaður en sumstaðar eru miklar breiður af ljósgráum breiskjufléttum. Utan í móbergshnjúkum nálægt Öskju er allfjölbreyttur gróður en móbergið bindur betur jarðraka en hraunin í kring. Einnig er athyglisverð flóra á háhitasvæði í um 1200 m hæð við suðausturhorn Öskju. Í Herðubreiðarlindum og Grafarlöndum eru gróðurvinjar við ár og læki þar sem finna má hvann- og blómstóð á stöku stað.

Dýralíf er fáskrúðugt og fremur illa þekkt að undanskildum Herðubreiðarlindum þar sem allmargar fuglategundir verpa og þar á meðal átta tegundir sem eru á válista. Allstórt heiðagæsavarp er við Svartá.

4.2 Svæði II: Austursvæði

Kverkfjöll og Kverkfjallarani eru lítt gróin háplöntum en breiskjufléttur eru áberandi á sandorpnum hraununum. Hæstu fundarstaðir nokkurra háplöntutegunda eru þó í Kverkfjöllum í 1620 m hæð: dvergsóleyjar, vetrarblóms og fjallapunts. Í Hvannalindum er gróðurvin við uppsprettur og kvíslar Lindaár. Vesturhluti Brúardala er fremur illa gróinn en á austurhlutanum telst um helmingur lands vera gróinn (þ.e. >10% gróðurþekja). Þar af eru lyngmói, víðimói, starmói og mosagróður algengustu gróðurlendin.

Í Hvannalindum er einangruð hálendisgróðurvin með merkum menningarminjum. Af öðrum gróðurvinjum má nefna Främlandið í Möðrudal og Bæjarlönd við Jökulsá á Fjöllum og Arnardal. Á Möðrudalsöræfum telst þó einungis um 15% lands vera gróinn. Snæfellsöræfi eru er hluti af gróðursamfelli sem nær frá Héraðsflóa inn að jaðri Vatnajökuls. Þar er að finna lífríkar þurrleidvisistgerðir svo sem giljamóavist og gróskumikið flæðiland með afar fjölbreyttu gróðurfari (flóran í lónstæði Háslóns og nágrenni telur a.m.k. 472 tegundir og flóra Eyjabakka a.m.k. 319 tegundir). Á Múla er nokkuð samfelldur gróður en þegar ofar og austar dregur á Hraunin er landið minna gróið.

Um 30 tegundir fugla verpa á hálendinu austan Jökulsár á Fjöllum. Heiðagæs er langalgengasti varpfuglinn. Á Snæfellsöræfum verpa um 2200 pör og a.m.k. 2500 pör á Möðrudalsöræfum. Um 10.000 heiðagæsir fella flugfjaðrir á Eyjabökkum.

Um helmingur íslenska hreindýrastofnsins gengur í sumarhögum á Snæfellsöræfum (u.þ.b. 1500 dýr) og þar eru jafnframt burðarsvæði hluta þeirrar hjarðar. Múlinn er mikilvægur fyrir hreindýr á haustin og eitthvað fram eftir vetri.

Í Hvannalindum eru algengar ýmsar tegundir smádýra sem eru sjaldséðar annars staðar á hálendinu. Fagridalur er með tegundaauðugustu vinjum í hálendinu með tilliti til smádýralífs. Í lónstæði Háslóns hafa fundist 290 tegundir smádýra.



7. mynd. Austurheiði og Skaftafellsjökull, Skaftafelli. Ljósmynd: Snorri Baldursson 2005.

4.3 Svæði III: Suðursvæði

Brattar skriðurunnar og gróðurvana fjallshlíðar eru algengar á Suðausturlandi en yfirleitt gróskumikill gróður neðarlega í hlíðum og í brekkurótum. Í Skaftafellsheiði nær samfelldur gróður upp í 500 m hæð. Lyngmói og strjáll mosagróður er algengur í fjalllendinu á öllu svæðinu. Birkikjarr er víða að finna í hlíðarrótum og er sums staðar gróskumikið og hávaxið. Birkí nær upp í 600 m hæð yfir sjó á Krossgilsdal í Skaftafellslandi. Efsti hluti fjalla er ógróinn svo og svæði sem nýlega eru komin undan jöklum. Láglenið er vel gróið nema á söndum og aurum, þar sem jökulárnar hafa flæmst um óbeislaðar, og við ströndina þar sem ágangs sjávar gætir. Af grónu flatlendi má ætla að votlendi þeki allt að helming, sem er hátt hlutfall. Annar gróður er mest mosagróður, graslendi, mólendi og ræktað land.

Refir og minkar eru útbreiddir. Minkur nam land í sýslunni milli 1970 og 1975. Hagamýs eru einnig útbreiddar en um langan aldur voru ekki hagamýs í Öræfum. Rottur eru fáséðar nú orðið. Hreindýr er víða að finna á austanverðu svæðinu og sjást þau allt vestur í Steinadal í Suðursveit. Selir eru útbreiddir með ströndum fram og mikil selalátur eru á Skeiðarársandi og Breiðamerkursandi, bæði útsels og landsels. Hvalrekar eru tíðir og allmargar sjaldgæfar tegundir hefur rekið á fjörur, einkum á Breiðamerkursandi.

Varpfuglar hafa mest verið kannaðir í byggð en stórir hlutar Skeiðarársands eru ókannaðir, svo og hálendið ofan byggðar. Umferð farfugla er mikil á þessu svæði og flækingsfuglar algengari en í öðrum landshlutum. Um 75 tegundir fugla hafa orpið á svæðinu, þar af eru 57 tegundir nokkuð árvissar. Þetta er hátt hlutfall á landsvísu en hér á landi verpa að staðaldri 73 fuglategundir og alls hafa orpið um 100 tegundir svo vitað sé. Megnið af íslenskum skúnum, þórshana og helsingja verpir sunnan Vatnajökuls. Stór hluti íslenskra farfugla kemur að Suðausturlandi á vorin enda er þessi landshluti í eða nærri farleið margra tegunda. Leirurnar

við Höfn gegna afar þýðingarmiklu hlutverki fyrir ýmsa vaðfugla. Þá fer mikið af öndum, gæsum og álfum um fjörur og leirur Suðausturlands, bæði um Hornafjörð og Mýrar en ekki síður Lón. Á haustin dvelst meginhluti helsingjastofnsins, sem verpir á Austur-Grænlandi, á svæðinu.

Smádýralíf er fjölbreytilegt á Suðausturlandi allt að Hvalnesi í Lóni en þáttaskil verða er kemur lengra austur, þ.e. í Álftafjörð. Nokkuð er um að tiltölulega sjaldgæfar tegundir á landsvísu séu algengar eða nokkuð algengar. Nokkrar smádýrategundir hafa einungis fundist á þessum slóðum, sumar afar staðbundnar og fágætar.

4.4 Svæði IV: Vestursvæði


Austan Hverfisfljóts á afrétti Fljótshverfinga er landið lítt eða ógróið hið efra, en starmóa, graslendi, lyngmóa og nokkurt votlendi er að finna í dalbotnum, daladrögum og hvilftum upp í 500 m h.y.s. Við gilin í botni dalsins, sem Núpsá hefur sorfið vestan við Skeiðarárjökul, vex hávaxið birki í Núpsstaðarskórum.

Um fjórðungur Skaftártungu- og Síðumannafréttar er gróið land og um 90% þess er þakið mosagróðri. Ósenilegt er að nokkurt annað ámóta stórt samfellt svæði á landinu sé með jafnhátt hlutfall mosagróðurs af grónu landi. Við Lakagíga einkennist landið af hraunum sem eru gróin mosapembu, fléttum og héllumosa. Mjög verðmætar vistgerðir finnast á Skaftártungafrétti, einkum breiskjuhraunavist og vikravist. Lítið er af lyngmóum og öðru kvistlendi og votlendi er afar sjaldgæft. Sá hluti svæðisins sem er norðan og vestan við Tungná er að mestu lítt eða ógrónir sandar, mellar og hraun. Næst Tungná er nokkuð um leirur eða blautar áreyrar sem áin flæmist um þegar hún er í vexti. Við Veiðivötn er talsverð gróska en þar er mosapemba ríkjandi.

Við Hágöngur og í suðurhluta Vonarskarðs er gróður strjáll enda liggar landið þar í um og yfir 800 m y. s. Þar hafa þó fundist 52 tegundir háplantna og 46 mosategundir (Borgþór Magnússon og Ásrún Elmarsdóttir 1996).

Aðeins sjö staðfestir eða líklegir varpfuglar finnast efst á Skaftártungafrétti og þéttleiki fugla er sa minnsti sem mælst hefur á rannsóknasvæðum á hálendinu. Þar eru snjótittlingur og steindepill algengustu tegundir. Við Laka verpir a.m.k. 21 tegund fugla; ýmsir algengir mófuglar eru þar einkennistegundir. Talið er að 33 fuglategundir hafi orpið við Veiðivötn og að 22 tegundir séu árvissir varpfuglar. Himbrimi er einn einkennisfugla Veiðivatna. Þar heldur sig einnig hópur húsanda. Takmarkaðar rannsóknir benda til að smádýralíf sé fremur snautt miðað við mörg önnur hálendissvæði. Við Laka hafa alls fundist 207 tegundir smádýra.

Í Skaftá og þverám hennar er sjóbirtingur (sjögenginn urriði) ríkjandi tegund en bleikja og lax eru einnig til staðar. Rannsóknir á smádýralífi austan Hágangna og í sunnanverðu Vonarskarði benda til að svæðið sé tegundasnautt í samanburði við aðra staði á hálendinu þar sem gróður er meiri (Gísli Már Gíslason o.fl. 1996). Í Tungná og aðliggjandi vötnum finnast bæði bleikja og urriði. Urriði var einráður á svæðinu fram á miðjan sjöunda áratuginn þegar bleikjuseiðum var sleppt í vötn sem tengjast Tungná og gengt er í. Langisjór er talinn hafa verið fisklaus fram til 1984 þegar sleppt var urriðaseiðum í vatnið. Þrjár fisktegundir finnast í Veiðivötnum: Urriði, hornsíli og bleikja. Vötnin eru urriðavötn frá náttúrunnar hendi og er talið að urriðastofninn hafi einangrast þar í lok ísaldar. Þessi ísaldarurriði er sérlega hraðvaxta og stórvaxnari en flestir aðrir urriðar.



8. mynd. Fjallendið austan Hoffellsjökuls. Ljósmynd: Snorri Baldursson 2005.

5 NÁTTÚRUVERNDARGILDI

5.1 Svæði I: Norðursvæði

Verndargildi hálendisins norðan Vatnajökuls og vestan Jökulsár á Fjöllum er mjög hátt og felst einkum í ósnortnum víðernum og jarðfræðiminjum (1. tafla).

Á Trölladyngjusvæðinu næst Vatnajökli er landið eldbrunnið og afar stórbrotið. Á Dyngjuhálsi er hver gígaröðin eftir aðra. Eldstöðin Askja með Öskjuvatni og sprengigígnum Víti er merk á lands- og jafnvel heimsvísu. Hinn formfagri móbergsstapi, Herðubreið, var haustið 2002 kosinn þjóðarfjall Íslendinga. Í Ódáðahrauni eru víðáttumiklar ósnortnar hraunbreiður, dyngjur og gígaraðir. Háhitasvæði eru í Öskju og Fremrinámum þar sem áður var numinn brennisteinn.

Alls hafa fimm sjaldgæfar háplöntutegundir og þrjár afar sjaldgæfar mosategundir fundist á hálendinu vestan Jökulsár á Fjöllum, í Herðubreiðarlindum og á jarðhitasvæðinu í Öskju. Átta fuglategundir sem eru á válista hafa orpið á þessu svæði.

Herðubreið, ásamt Herðubreiðarlindum og Grafarlöndum, var lýst friðland árið 1974 og Askja friðlýst sem náttúrvætti árið 1974. Þrjú svæði á hálendinu vestan Jökulsár sem hér er fjallað um eru á Náttúruminjaskrá, þ.e. Tungnafellsjökull og Nýidalur, Gæsavötn við Gæsahnjúk og Laufrönd og Neðribotnar í vesturjaðri Ódáðahrauns.

1. tafla. Mat á verndargildi náttúrufars á Svæði I: Norðursvæði.

Flokkur	Fyrirbæri	Verndargildi	Forsenda
Ásýnd lands	Landslag	Hátt	Stórbrotið eldfjallalandslag Víðáttumikil nútímahraun Ósnortin víðerni og eyðimerkur Litauðugt land þar sem skiptast á ljósir vikrar, svört hraun og eldbrunnin fjöll Reglulegir stapar og dyngjur Jökulsandar
	Gróðurþekja	Lágt til hátt	Sáralítil samfelldur gróður, hálendisvinjar í Herðubreiðarlindum og Grafarlöndum
Jarðminjar		Mjög hátt	Dyngjur svo sem Trölladyngja, Ketildyngja, og Kerlingardyngja Eldstöðin Askja, sprengigígurinn Víti, sigketillinn Öskjuvatn, Móbergsstapinn Herðubreið Ungar gígaraðir og ósnortin nútímahraun
Vistgerðir		Ekki þekkt	Vistgerðir hafa ekki verið kortlagðar
Sjaldgæfar tegundir			
	Plöntur	Lágt til miðlungs	Fáar sjaldgæfar tegundir skráðar
	Fuglar	Lágt til miðlungs	Strjált varp, en allmargar válistategundir í Herðubreiðarlindum
	Smádýr	Ekki metið	Rannsóknir vantar
Mikilvægar tegundir og stofnar	Heiðagæs	Miðlungs	Nokkuð heiðagæsavarp er í Herðubreiðarlindum

5.2 Svæði II: Austursvæði

Verndargildi landsins milli Jökulsár á Fjöllum og Jökulsár í Fljótsdal er hátt og felst í jarðfræðiminjum og lífríkum votlendissvæðum.

Við jaðar Vatnajökuls eru mikilfenglegar jarðmyndanir tengdar megineldstöðinni Kverkfjöllum. Mikið háhitasvæði er í Hveradöllum, hið hæsta yfir sjó á landinu. Snæfell er megineldstöð og hæsta fjall á Íslandi utan jökla. Merk setlög frá ísaldarlokum meðfram Jökulsá á Dal mynda jarðsögulega heild ásamt Hafrahvammagljúfrum. Þá eru hraukarnir í Kringilsárrana sérstæðir á heimsvísu.

Alls hafa fundist 27 sjaldgæfar plöntutegundir, þar af sjö háplöntutegundir, þrjár mosa-tegundir og sautján fléttutegundir. Átta fuglategundir á válista Náttúrufræðistofnunar Íslands hafa orpið á svæðinu. Svæðið hefur alþjóðlegt verndargildi sem varpland og fellisvæði heiðagæsar. Um helmingur íslenska hreindýrastofnsins gengur á Snæfells- og Vesturöræfum. Af þekktum smádýrategundum af svæðinu teljast 37 sjaldgæfar á landsvísu og sex á heimsvísu.

Hvannalindir og Kringilsárrani voru lýst friðlönd árið 1973 en friðlysingu Kringilsárrana var breytt árið 2003 í tengslum við Kárahnjúkavirkjun. Fimm svæði eru á Náttúruminjaskrá: Kverkfjöll og Krepputunga, Fagridalur og Grágæsalur á Brúaröræfum, Snæfell, Vesturöræfi og Hafrahvammagljúfur og Eyjabakkar.

2. tafla. Mat á verndargildi náttúrufars á Svæði II: Austursvæði.

Flokkur	Fyrirbæri	Verndargildi	Forsenda
Ásýnd lands	Landslag	Hátt	Stórbrotið landslag mótað af jöcli og eldvirkni Víðáttumikið sléttlendi með móbergshryggjum Ósnortin víðerni Dæmigert jökulsorfið hálendislandslag Ungar jökulmyndanir við jaðar Vatnajökuls Hæsta fjall utan jökla á Íslandi (Snæfell) Árgljúfur og fossar
	Gróðurþekja	Miðlungs til hátt	Vel grónar vinjar á annars lítt grónu landi, sjaldgæfar vistgerðir, hálendismýrar og votlendi
Jarðminjar		Hátt	Öflugt háhitasvæði með miklum yfirborðsummerkjum í Hveradöllum Móbergshryggir og gígaraðir á Möðrudal Farvegir eftir hamfarahlaup Jökulsár á Fjöllum Sethjallar eftir fornt jökullón, á botni Hálslóns, hlaupfarvegur og gljúfur við Jökulsá á Dal Jökulgarðar og hraukar við jaðar Brúarjökuls
Vistgerðir		Miðlungs til hátt	Giljamóar (tegundarík vistgerð) við Jökulsá á Dal, votlendi
Sjaldgæfar tegundir			
<i>Mikilvægar tegundir og stofnar</i>	Plöntur	Hátt til miðlungs	Tæplega þrjátíu sjaldgæfar plöntutegundir
	Fuglar	Miðlungs til hátt	Átta tegundir á válista
	Smádýr	Hátt til miðlungs	Mjög fjölbreytt smádýralíf miðað við h.y.s.
<i>Heiðagæs</i>		Hátt	Alþjóðlega mikilvægt varpland og fellisvæði heiðagæsar
<i>Hreindýr</i>		Hátt	Um helmingur íslenska hreindýrastofnsins gengur á svæðinu

5.3 Svæði III: Suðursvæði

Verndargildi landsins sunnan- og suðaustan Vatnajökuls er hátt vegna stórbrotins landslags, merkrar jarðfræði og tegundaauðugs lífríkis.

Fornar útkulnaðar megineldstöðvar setja mikinn svip á jarðfræði Suðausturlands og þar finnast afar fjölbreytilegar bergmyndanir svo sem súrt berg, innskot og berghleifar. Megineldstöðin Öraefajökull er enn virk. Jökulgarðar sýna lengstan framgang og hopunarsögu Vatnajökuls. Þá er víðáttumestu sanda- og aurasvæði landsins að finna sunnan Vatnajökuls.

Þrjátíu og tvær sjaldgæfar plöntutegundir finnast á svæðinu, þar af 12 háplöntutegundir, þrjár mosategundir og 17 fléttutegundir. Tuttugu og ein fuglategund á válista verpir á svæðinu. Tæplega 90% af skúmum landsins verpa á þessu svæði en það er um 40% af heimsstofni. Sandarnir sunnan Vatnajökuls hafa því alþjóðlegt verndargildi. Þá verpir á þessu svæði þorri íslenska þórshanastofnsins. Hið sama á við um helsingja sem nýlega byrjaði að verpa sunnan Vatnajökuls og allt að helmingur af heimsstofni helsingja hefur viðvöl þar á fartíma.

Á Suðausturlandi eru átta friðlýst svæði þ.e. þjóðgarðurinn í Skaftafelli, friðlöndin Esjufjöll, Salthöfði og Salthöfðamýrar, Ingólfshöfði og Lónsöraefi og náttúruvættin Háalda, Ósland og Díma. Í Náttúruverndaráætlun 2004–2008 er gert ráð fyrir stækkan Skaftafellsþjóðgarðs með innlimun Skeiðarársands. Prettán svæði eru á Náttúrumínjaskrá, þ.e. Lónsfjörður og Hvalnes, Þórisdalur í Lóni, Laxádalur, Skarðsfjörður, Baulutjörn, umhverfi Hoffellsjökuls, Skálafellsjökull og fjallendið þar í kring, Steinadalur og Staðarfjall, Hrollaugseyjar, Breiðamerkur-sandur og Jökulsárlón, Hamrar milli Gljúfursár og Salthöfða, Svínafellslögin og Stóralda. Langt yfir helmingur af öllu jökullausu landi er því ýmist friðaður með lögum, á Náttúruverndaráætlun 2004–2008 eða Náttúrumínjaskrá. Þessi staðreynð endurspeglar sérstöðu svæðisins með tilliti til náttúrufars.



9. mynd. Gróinn jökulruðningur við Skálafellsjökul. Ljósmynd: Snorri Baldursson 2005.

3. tafla. Mat á verndargildi náttúrufars á Svæði III: Suðursvæði.

Flokkur	Fyrirbæri	Verndargildi	Forsenda
Ásýnd lands	Landslag og gróðurfar	Hátt	Stórbrotið landslag mótað af eldsumbrotum og jöklum Skriðjöklar og jökulgarðar Jökulár og viðáttumiklir sandar Háreist fjöll, rist djúpum giljum Gróðursælar sveitir, heiðalönd og birkiskógur Litaauðgi og andstæður
Gróðurþekja		Hátt	Samfelld gróin svæði, náttúrlegir birkiskógar
Jarðfræðiminjar		Hátt	Mislægi svo sem um Dalsheiði og Svínafell. Innskot svo sem Austurhorn, Vestrahorn, Endalausidalur og Ketillaugarfjall Rofnar megineldstöðvar svo sem Hoffell, Geitafell og Kjós Dalfyllingin Hestgerðishnúta Jökulgarðar við Breiðamerkurjökul Steingervingar í Svínafelli
Vistgerðir		Óþekkt	Vistgerðir hafa ekki verið kortlagðar á svæðinu
Sjaldgæfar plöntur og dýr			
	Plöntur	Hátt	Yfir 30 sjaldgæfar plöntutegundir finnast á svæðinu
	Smádýr	Hátt	Allmargar staðbundnar og fágætar tegundir
	Fuglar	Hátt	Tuttugu og ein tegund (af alls 32) á válista verpir á svæðinu
Mikilvægar tegundir og stofnar	Skúmur	Hátt	Um 90% af íslenskum skúmum og 40% af heimsstofni verpir á svæðinu. Þá verpir megnið af íslenskum stofnum þórshana og helsingja sunnan Vatnajökuls
	Þórshani	Hátt	
	Helsingi	Hátt	

5.4 Svæði IV: Vestursvæði

Verndargildi landsins suðvestan Vatnajökuls er mjög hátt, einkum vegna jarðfræðimyndana sem margar eru merkar á heimsvísu.

Á svæðinu eru tugir langra móbergshryggja úr basalti, afleiðing sprungugosa undir jöкли á síðkvarter. Þetta eru stórfenglegustu móbergshryggir landsins og hryggi af þessu tagi er ekki að finna annars staðar á jörðinni. Suðvestan Vatnajökuls eru einnig gossprungur og gígaraðir frá nútíma, sem teljast merkar á lands- og jafnvel heimsvísu, svo sem Lakagígar, Eldgjárgossprungan, Veiðivatnagígar, Vatnaöldugígar og Tungnárhraunagígar. Skaftárelabraun er talið vera stærsta hraun sem runnið hefur á sögulegum tíma á jörðinni (um 565 km^2 og 11 km^3). Norðan Jökulheima eru sékennilegar stökkulbólstrabergsbreiður sem þykja sérstæðar á landsvísu. Arni Hjartarson (1996) nefnir nítján jarðfræðilegar náttúruminjar við Hágöngur en leggur ekki mat á verndargildi þeirra.

Samfelldur mosagróður er óvíða jafn áberandi í gróðurfari og á Skaftártungafrétti. Þar finnast einnig sjaldgæfar vistgerðir svo sem breiskjuhraunavist og vikravist. Veiðivötn eru mikilvæg fyrir ýmsar fuglategundir, þar á meðal himbrima og húsönd.

Lakagígarödin er þegar friðuð sem náttúrvætti. Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun hafa gert tillögu um friðun alls Skaftárelabrauns vegna sérstöðu hraunsins og sögulegs mikilvægis gossins. Þrjú svæði eru á Náttúruminjaskrá, þ.e: Eldgjá, Veiðivötn og Grænifjallgarður.

4. tafla. Mat á verndargildi náttúrufars á Svæði IV: Vestursvæði.

Flokkur	Fyrirbæri	Verndargildi	Forsenda
<i>Ásýnd lands</i>	Landslag og gróðurfar	Hátt	Mjög sérstætt landslag mótað af eldsumbrotum, jöklum og jökulvötnum Misvel grónar langar gígaraðir Lítt grónar vikurslétturnar og melaflákar Hraunbreiður víða klæddar mosa og/eða breiskjufléttum Jökul- og áraurar Tær og jökkullituð stöðuvötn, þar á meðal eitt dáðasta fjallavatn landsins (Langisjór) Háreist fjöll, rist djúpum giljum; stórbrotið landslag Fossar og fossaraðir Landslag mótað af eldsumbrotum undir jöcli; jökulrofnir móbergshamrar Falleg heiðalönd og birkiskógar
	Gróðurþekja	Miðlungs til hátt	Mikill og ríkulegur mosagróður á annars lítt grónu landi
<i>Jarðfræðiminjar</i>		Mjög hátt	Langir móbergshryggir afleiðingar gosa undir jöcli svo sem Kattarhryggir og Grænifjallgarður Gossprungur og gígaraðir frá nútíma svo sem Lakagígar, Eldgjárgosssprungan og Veiðivatnagígar Viðáttumikil eldhraun svo sem Skaftárelnahraun Viðáttumikil móbergslög frá ísöld á Síðu og afrétti Fljótshverfinga
<i>Vistgerðir</i>		Hátt	Mjög merkar vistgerðir á Skaftártungafrétti, einkum breiskjuhraunavist og vikravist
<i>Sjaldgæfar plöntur og dýr</i>			
	Plöntur	Miðlungs	Allmargar sjaldgæfar plöntutegundir á Skaftártungafrétti
	Smádýr	Lágt/lítt þekkt	Einungis metið við Laka og í sunnanverðu Vonarskarði, litlar rannsóknir annars staðar.
	Fuglar	Miðlungs	Fuglalíf er fremur strjált nema við Veiðivötn
<i>Mikilvægar tegundir og stofnar</i>	Himbrimi Húsönd Ísaldarurriði	Miðlungs Miðlungs Hátt	Veiðivötn hafa talsvert mikla þýðingu fyrir himbrima, húsönd og ísaldarurriða

6 HEIMILDIR

Í þessari samantekt er einungis getið heimilda sem ekki er að finna í áður birtum skýrslum um náttúrufar umhverfis Vatnajökul, einkum er um að ræða heimildir um Tungnáröræfi og suðurhluta Vonarskarðs.

Árni Hjartarson 1996. Hágöngumiðlun – jarðfræðilegar náttúruminjar. Orkustofnun. Greinar-gerð ÁH-96/04, 8 bls.

Borgþór Magnússon og Ásrún Elmarsdóttir 1996. Hágöngumiðlun – athugun á gróðri á lónstæði. Skýrsla til Landsvirkjunar. Rannsóknastofnun landbúnaðarins, 22 bls.

Gísli Már Gíslason, Guðrún Lárusdóttir, Hákon Aðalsteinsson, Ólöf Ýrr Atladóttir og Þóra Hrafnssdóttir 1996. Dýralíf austan Hágangna og í Vonarskarði. Skýrsla til Landsvirkjunar. Líffræðistofnun Háskólangs, Fjöldrit nr. 38, 14 bls.

Guðmundur Ómar Friðleifsson og Skúli Víkingsson 1997. Hágöngumiðlun – kortlagning jarðhita í Köldukvíslarbotnum, mælikvarði 1:500. Unnið fyrir Landsvirkjun. Orku-stofnun, OS-97061, 19 bls.

Helgi Björnsson og Páll Einarsson 1990. Volcanoes beneath Vatnajökull, Iceland: Evidence from radio echo-sounding, earthquakes and jökulhlaup. Jökull 40: 147–168.

Haukur Jóhannesson og Guðmundur Ómar Friðleifsson 2006. Hágöngur – jarðfræði, sprungur og jarðhitaummerki norðan og austan Hágöngulóns. Landsvirkjun, LV-2006/073, 29 bls.

Hjörleifur Guttormsson og Oddur Sigurðsson 1997. Leyndardómar Vatnajökuls–Víðerni, fjöll og byggðir. Fjöll og firnindi, Reykjavík, 280 bls.

Jón Gunnar Ottósson og Snorri Baldursson (ritstj.) 2005. Náttúrufar og náttúruminjar sunnan Vatnajökuls. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-05005, 40 bls.

Sigurður Þórarinsson og Guðmundur Sigvaldason 1972. Gosið í Tröllagígum 1862–1864. Jökull 22: 12 – 26.

Snorri Baldursson, Sveinn P. Jakobsson, Sigurður H. Magnússon og Guðmundur Guðjónsson 2006. Náttúrufar og náttúruminjar suðvestan Vatnajökuls. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-06008, 38 bls.

Snorri Baldursson, Helgi Torfason og Hörður Kristinsson 2003. Náttúrufar og verndargildi náttúrufyrirbæra norðan Vatnajökuls. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-03002, 67 bls.

Sveinbjörn Björnsson 2006. Orkugeta jarðhita. I: Orkuþing 2006. Erindi og kynningar á Orkuþingi 12.–13. október 2006, bls. 332–343. Samorka, Reykjavík.

Þorsteinn Jósepsson og Steindór Steindórsson 1984. Landið þitt Ísland, 5. bindi. Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf, Reykjaví, 271 bls.